



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
ÁRSSKÝRSLA 2011



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
ÁRSSKÝRSLA 2011

Árskýsla 2011
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík
2012/9
Prentun: Oddi umhverfisvottuð prents miðja

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga rís undir krefjandi verkefnum

Síðustu árin hafa Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verið falin sífellt aukin verkefni og umsýsla. Þessum nýju verkefnum fylgir aukin ábyrgð og þau eru árangur hinnar nánu samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Endurspeglast hún meðal annars í þeim vettvangi sem ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs er þar sem fjórir fulltrúar nefndarinnar af fimm eru tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þannig hefur jafnan ríkt gott og náið samstarf milli ríkis og sveitarfélaga um málefni sveitarstjórnarstigsins.

Engum vafa er undirorpíð að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur frá upphafi staðið undir nafni og verið sveitarfélögum landsins ómetanlegur farvegur til að jafna aðstöðumun þeirra vegna mismunandi tekna og fjárhagsaðstæðna. Það hefur verið meginverkefni Jöfnunarsjóðs gegnum árin og verður enn. Við þessi verkefni hafa síðan bæst fjölmörg önnur sem tengjast ýmsum sértaekum jöfnunaraðgerðum og/eða tímabundnum en ávallt hefur verkfærið Jöfnunarsjóður reynst vel.

Tvennt ber hæst árið 2011 sem Jöfnunarsjóði hefur verið falið af nýjum verkefnum. Annars vegar er það umsýsla með fjármálum vegna málefna fatlaðra sem sveitarfélögin hafa tekið við og hins vegar fjármálausmýsla vegna aukins stuðnings ríkis og sveitarfélaga við tónlistarnám eins og fram kom í síðustu ársskýrslu.

Síðustu misseri hafa af og til komið upp ólík viðhorf fjárveitingavalds og innanríkisráðuneytis við úrlausn verkefna og því hafa þurft að fara fram rökræður milli aðila til að jafna skoðanamun. Slíkt er ekki óeðilegt þegar höndla þarf með svo mikilvæg mál sem fjárfamlög eru en á hitt má benda hvað Jöfnunarsjóð varðar þá eru verkefnin klippt og skorin: Honum eru falin verkefni með ákveðnum forsendum og þær forsendur mega ekki breytast á miðri leið. Jöfnunarsjóðurinn er í þessum efnun tengiliður við sveitarfélögin og verði hnökrar á því að ríkið uppfylli skyldur sínar er það ekki Jöfnunarsjóðurinn sem slíkur sem líður heldur sveitarfélögin og viðkomandi málaflokkur eða verkefni. Á þetta er minnst hér til að undirstrika hversu mikilvægt er að þetta samstarf gangi hnökralaust.

Aukaframlag Jöfnunarsjóðs hefur verið árvissit umfjöllunarefni í ársskýrslu og á ársfundum síðustu ára. Því miður hefur orðið lækkun á framlaginu og verður svo enn. Fjárhagur sveitarfélaga hefur verið í járnum síðustu árin en merki eru um að flest sveitarfélög landsins séu nú smám saman að rétta úr kútnum eftir hina djúpu efnahagslægð þó að vissulega séu miklar áskoranir enn framundan í þeim efnunum. Mikilvægt er að breytt regluverk Jöfnunarsjóðs verði liður í því að styrkja fjárhag sveitarfélaga til frambúðar og tryggja þeim enn frekari jöfnuð.

Ég vil að lokum þakka bæði ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs og starfsmönnum fyrir vel unnin störf á erfiðum tínum. Þau munu áfram fara fyrir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem rísa mun undir sínum krefjandi verkefnum.



Ógmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að greiða sveitarfélögum framlög til jöfnunar á mismunandi tekjumöguleikum þeirra og útgjaldaþörf á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi hans. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Innanríkisráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs en honum til ráðuneytis er fimm manna ráðgjafarnefnd.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerir tillögur til innanríkisráðherra um úthlutanir framlaga úr sjóðnum önnur en bundin framlög.

Ráðgjafarnefdin er skipuð af ráðherra til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Fjórir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Guðmundur Bjarnason, fyrrverandi bæjarstjóri í Fjarðabyggð, er formaður nefndarinnar á yfirstandi kjörtímabili. Hann hefur gegnt embætti formanns frá ársbyrjun 2008. Fulltrúar Sambandsins í nefndinni eru þau Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarmaður í Sveitarfélaginu Skagafirði, Björk Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrú í Reykjanesbæ, Hermann Jón Tómasson, bæjarfulltrúi í Akureyrarkaupstað og Þórunn Egilsdóttir, sveitarstjórnarmaður í Vopnafjarðarhreppi.

Hermann Jón Tómasson hefur beðist lausnar frá störfum í ráðgjafarnefdinni veturinn 2012 – 2013 vegna námsdvalar erlendis. Að beiðni ráðuneytisins hefur Árni Rúnar Þorvaldsson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði og varamaður Hermanns í nefndinni, tekið sæti hans á þeim tíma.

Ráðgjafarnefdin fundar að jafnaði a.m.k. einu sinni í mánuði yfir vetrartímann en sjaldnar að sumri til. Á árinu 2011 hélt nefndin 12 bókaða fundi.

Sú nýbreytni hefur verið tekin upp á árinu 2012 að birta fundargerðir ráðgjafarnefdarinnar á vef sjóðsins undir jofnunarsjodur.is/starfsemi/fundargerdir. Megintilgangur með birtingunni er að upplýsa sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga betur um starfsemi sjóðsins og ráðgjafarnefdarinnar.

Starfsmenn

Á árinu 2011 voru starfsmenn sjóðsins fimm í fullu starfi. Þau Elín Gunnarsdóttir, sérfræðingur, Elín Pálsdóttir forstöðumaður, Guðni Geir Einarsson sérfræðingur, Halldór V. Kristjánsson stjórnsýslufræðingur og Lúðvík Geirsson, fyrrverandi bæjarstjóri í Hafnarfirði. Lúðvík var ráðinn í tímabundna stöðu ráðgjafa á grundvelli samkomulags milli Sambands íslenskra sveitarfélaga, innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis í tengslum við yfirlæfnum fatlaðra. Meginverkefni ráðgjafans var að fylgja eftir ákvæðum heildarsamkomulags, laga og reglugerða vegna yfirlæfnum fatlaðra og vera stjórnvöldum, sveitarfélögum og þjónustusvæðum til ráðgjafar um framkvæmd hennar. Lúðvík létt af störfum í árslokin 2011 er hann tók sæti á Alþingi. Lúðvík eru færðar þakkir fyrir afar vel unnin störf í þágu málaflokksins á þessu fyrsta ári yfirlæfnum fatlaðra.

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var haldinn í fjórða sinn 12. október 2011 á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík.

Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri flutti ávarp á fundinum í fjarveru Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra. Í ávarpi sínu kom ráðuneytisstjóri inn á umfangsmikið starf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hversu þýðingarmiklu hlutverki hann gegnir í stuðningi sínum við starfsemi og rekstur sveitarfélaga landsins. Því til viðbótar hefði sjóðurinn verið verkfæri fyrir ýmis önnur tímabundin verkefni sem tengjast fjármálum sveitarfélaga. Þá gat ráðuneytisstjóri um þau nýju verkefni sem sjóðnum hefðu verið falin á árinu 2011 í tengslum við yfirlæfnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og eflingu tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðum nemenda til námsins, er byggir á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 13. maí 2011.

Auk ávarps ráðuneytisstjóra og kynningar á árskýrslu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2010 gerði Sigurður Helgason ráðgjafi grein fyrir kostnaðargreiningu vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2010 sem var undirstaða jöfnunaraðgerða á árinu 2011 í tengslum við yfirlæfnum fatlað fólk á árinu 2012. Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri gerði grein fyrir framkvæmd tillagna starfshóps um heildarendurskoðun á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er skilaði skýrslu sinni til ráðherra vorið 2010. Í lok fundarins gerði Guðmundur Bjarnason, formaður ráðgjafarnefndar, grein fyrir hlutverki nefndarinnar í tengslum við ráðstöfun aukaframlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2011 en nefndin kom að setningu reglna um úthlutun framlagsins samkvæmt þeim tilmælum sem fylgdu framlaginu á fjárlögum ársins 2011.

Fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa

Árlegur fundur ráðgjafarnefndar sjóðsins með forstöðumönnum skólaskrifstofa og grunnskólafulltrúum sveitarfélaga var haldinn 2. desember 2011.

Á fundinum fjallaði Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, um framkvæmd samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins. Guðjón gerði jafnframt grein fyrir rekstrarvanda tiltekinna tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðinu sem upp kom í kjölfar samkomulagsins og ástæðum hans. Hulda Karen Daniëlsdóttir, kennsluráðgjafi og verkefnastjóri, gerði grein fyrir tölfraði í sambandi við kennslu nýrra Íslendinga og fjallaði jafnframt um þau verkefni sem hún væri að vinna að í þágu betri kennsluháttu fyrir nemendur grunnskólans með íslensku sem annað tungumál. Stefán Hreiðarsson, forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og Ásbór Ragnarsson sálfræðingur fjölluðu um hlutverk Greiningarstöðvarinnar á grundvelli laga og um fjárhagslega jöfnun milli sveitarfélaga í landinu á grundvelli vinnu- og viðmiðunarreglna Jöfnunarsjóðs í tengslum við úthlutanir framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.

Heildarendurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Starfshópurinn sem skipaður var í ársbyrjun 2009 til að vinna að heildarendurskoðun á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga lauk störfum í júní 2010 eins og áður segir.

Í skýrslu sem birt er á vef ráðuneytisins gerir starfshópurinn ítarlega grein fyrir tillögum sínum að breytingum á regluverki sjóðsins og mögulegri nýrri framsetningu framlaga hans með skiptingu hans í A- og B-deild. Í skýrslunni eru tillögur starfshópsins settar fram með þremur valkostum.

Með valkosti 1 eru settar fram tillögur um nauðsynlegar breytingar á núverandi kerfi. Starfshópurinn fól ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs að vinna úr þeim tillögum.

Með valkosti 2 eru til viðbótar settar fram tillögur um innleiðingu á nýju fyrirkomulagi útgjaldajöfnunar þar sem tekujöfnunarframlög sjóðsins í sinni núverandi mynd væru lögð niður og breyting gerð á útreiknaðri stærðarhagkvæmni sveitarfélaga.

Með valkosti 3 er lögð til grundvallarbreyting á núverandi jöfnunarkerfi með útfærslu á nákvæmu upplýsingakerfi sem byggir á mælingu helstu útgjaldapátta sveitarfélaga.

Með tillögu sinni um nýja framsetningu framlaga sjóðsins með skiptingu hans í A- og B-deild leggur starfshópurinn áherslu á að gerður sé skýr greinarmunur á þeim verkefnum sjóðsins sem annars vegar eru jöfnunarverkefni og hins vegar önnur verkefni sem sjóðnum hefur verið falið að sinna. Undir A-deildina myndu þá falla jöfnunarframlög sjóðsins og hafa forgang umfram þau framlög sem tilheyrðu B-deildinni og eru skilgreind sem millifærslu- og endurgreiðsluframlög.

Á ársfundi Jöfnunarsjóðs 2010 fór fram ítarleg kynning á tillögum starfshópsins og gerð var grein fyrir fjárhagslegum áhrifum breytinga á grundvelli valkosta 1 og 2 á framlög sjóðsins.

Þann 1. janúar 2011 komu til framkvæmda tillögur starfshópsins að nauðsynlegum breytingum á núverandi jöfnunarkerfi, sem falla undir valkost 1 í tillögum starfshópsins og einkum felast í breytingu á útreikningi framlags til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts, almennu jöfnunarframlagi til reksturs grunnskóla og framlagi vegna skólaaksturs úr dreifbýli. Jafnframt voru sett þau skilyrði fyrir úthlutun tekjujöfnunarframlaga úr sjóðnum að sveitarfélög fullnýti heimild sína til álagningar útsvars.

Áfram var unnið að frekari breytingum á regluverki sjóðsins á árinu 2011. Í mars 2011 skipaði innanríkisráðherra sérstakan vinnuhóp með aðkomu Hagstofu Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að útfæra nákvæmt upplýsingakerfi sem byggir á mælingu helstu útgjaldabátta sveitarfélaga. Kerfið verður grundvöllur frekari breytinga á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Formaður vinnuhópsins er Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri. Fulltrúi Hagstofunnar í vinnuhópnum er Guðrún Eggerts dóttir viðskiptafræðingur og fulltrúi Sambandsins er Kristinn Jónasson, bærjastjóri í Snæfellsbæ. Með hópnum vinna sérfræðingar frá Jöfnunarsjóði og Sambandinu.

Á ársfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í október 2011 var gerð grein fyrir stöðu mála hvað vinnu við mælingu á útgjaldabáttum sveitarfélaganna varðar. Á fundinum var jafnframt farið yfir og gerð grein fyrir tillögu starfshópsins um skerðingu framlaga úr sjóðnum til þeirra sveitarfélaga er hafa mögulegar heildarskatttekjur verulega umfram landsmeðaltal.

Breyting á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010

Þann 1. janúar 2012 tók gildi reglugerð, nr. 1171/2011, um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010. Reglugerðin er sett á grundvelli heimildar fyrir ráðherra í 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4 frá 1995, með síðari breytingum til að setja reglugerð í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga með nánari ákvæðum um starfsemi sjóðsins.

Með reglugerð nr. 1171/2011 er kveðið á um að skerða skuli framlög úr sjóðnum til þeirra sveitarfélaga er hafa mögulegar heildarskatttekjur 50% umfram landsmeðaltal, þ.e. af útsvari og fasteignaskatti á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna. Ákvæðið náði til framlags vegna jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts, tekju- og útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins og framlaga er tengjast yfirfærslu grunnskólans. Samkvæmt reglugerðinni nemur skerðing framlaganna 50% frá og með 1. janúar 2012 en frá og með 1. janúar 2013 falla framlögini niður.

Í tengslum við framkvæmd þessarar breytingar fóru fram viðræður milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðuneytisins um það álitamál hvort ákvæðið um skerðingu framlaga í reglugerð, nr. 1171/2011, hefði næga lagastoð hvað framlögin til reksturs grunnskóla varðar. Niðurstaða ráðuneytisins var sú að lagastoð skerðingarinnar í reglugerðinni væri ekki nægilega skýr og í kjölfarið var fallið frá framangreindri skerðingu á framlögum til reksturs grunnskóla á árinu 2012.

Breyting á III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4 frá 1995

Nú liggur fyrir í innanríkisráðuneytinu frumvarp til laga um breytingu á III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Markmið frumvarpsins er annars vegar að styrkja og skilgreina hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hins vegar að festa í lög heimild til skerðingar á framlögum Jöfnunarsjóðs vegna yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga og framlögum til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts til þeirra sveitarfélaga er hafa heildarskatttekjur verulega umfram landsmeðaltal, þ.e. tekjur af útsvari og fasteignaskatti á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna. Vonir standa til að frumvarpið verði að lögum á haustþingi og öðlast þau gildi 1. janúar 2013.

Næstu skref

Sýnt er að á árinu 2012 og 2013 munu ekki taka gildi frekari breytingar á regluverki sjóðsins en þær sem að framan greinir. Áfram verður unnið að mælingu á útgjaldapáttum sveitarfélaga á árinu 2012 og 2013 en það verkefni er mun umfangsmeira og flóknara en ráð var fyrir gert. Stefnt er að því að næsti áfangi í breytingum á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga taki gildi í ársbyrjun 2014.

Endurskoðun samninga vegna yfirfærslu grunnskólans

Í tengslum við yfirfærslu á málefnum grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga 1. ágúst 1996 voru gerðir eftirtaldir samningar er tengjast rekstri grunnskólans milli Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga: Samningur um kennslu langveikra barna á grunnskólaaldri sem eiga lögheimili utan Reykjavíkurborgar en dvelja á sjúkrahúsum í borginni, samningur um kennsluráðgjöf vegna nýbúa á grunnskólaaldri í sveitarfélögum öðrum en Reykjavíkurborg og samningur um yfirtöku Reykjavíkurborgar á rekstri þeirra sérskóla og sérdeilda sem staðsett eru í Reykjavík og starfa á grunnskolastigi.

Í tengslum við heildarendurskoðun á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga taldi ráðuneytið rétt að fram færi endurskoðun á framan-greindum samningum að teknu tilliti til þess starfs sem fram færi á grundvelli þeirra.

Starfshópur sá sem innanríkisráðherra skipaði í ársbyrjun 2011 til að framkvæma endurskoðunina hefur nú lokið störfum og afhenti skilabréf sitt til ráðuneytisins nú í byrjun september. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga áttu sæti í hópnum Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi Sambandsins, og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði Sambandsins. Fulltrúar Reykjavíkurborgar voru þau Jón Ingí Einarsson fjármálastjóri og Hrund Logadóttir, verkefnistjóri sérkennslumála. Formaður starfshópsins var Valgarður Hilmarsson, fyrrverandi forseti bæjarstjórnar á Blönduósi og fulltrúi í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árunum 1990-2010. Með hópnum störfuðu sérfræðingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Samningurinn um kennslu langveikra barna á grunnskólaaldri sem eiga lögheimili utan Reykjavíkurborgar og samningurinn um kennsluráðgjöf vegna nýbúa á grunnskólaaldri eru uppségjanlegir af hálfu samningsaðila með sex mánaða fyrirvara. Hvað samninginn um yfirtöku Reykjavíkurborgar á rekstri sérskóla og sérdeilda varðar þá gildir hann um greiðslur framlaga úr Jöfnunarsjóði á árunum 2012, 2013 og 2014. Samningsaðilar gera ráð fyrir því að eigi síðar en 1. júlí 2014 verði komið til framkvæmda nýtt fyrirkomulag varðandi mat á þjónustupörf fatlaðra barna, sem m.a. taki til skólagöngu þeirra. Sex mánuðum áður en nýtt fyrirkomulag tekur gildi og eigi síðar en 31. desember 2013, munu samningsaðilar koma saman og taka afstöðu til framlengingar samningsins eða gerðar nýs samnings, að teknu tilliti til þess hvenær nýtt fyrirkomulag varðandi mat á þjónustupörf fatlaðra barna kemur til framkvæmda. Stefnt verður að því að nýr samningur, sem komi í stað þess samnings, sem nú hefur tekið gildi, verði ótímabundinn og lýsi því hvernig jöfnunarkerfi vegna stuðningsþarfar fatlaðra barna í grunnskóla eigi að virka innan ákveðins ramma, hvert sé innleiðingartímabil nýs jöfnunarkerfis og hvaða frávik kalli á endurskoðun.

Í niðurlagi skilabréfs starfshópsins segir: *Með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á framangreindum samningum, telur starfshópurinn að náðst hafi að gera þá þannig úr garði að sátt verði um þá á gildistíma þeirra.*

Starfshópnum eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf.

Framlög vegna fjárhagslegra úttekta

Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 hefur þörfin aukist fyrir ráðgjöf í tengslum við rekstur sveitarfélaga. Að undangengnu samráði við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og mati á þörfinni hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga að tillögu ráðgjafarnefndar sjóðsins komið í vaxandi mæli að kostnaði sveitarfélaga vegna úttektar á fjárhagslegri stöðu þeirra og rekstri. Heimild sjóðsins til slíkrar aðkomu byggir á 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. b. lið 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010.

Húsaleigubætur

Tímabundnu samkomulagi ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur, er tók gildi 1. apríl 2008, lauk 31. mars 2010. Ekki hefur því verið í gildi formlegt samkomulag um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna húsaleigubóta frá þeim tíma. Ríkið hefur þó viðhaldið samkomulaginu með því að leggja fram fjármagn í samræmi við ákvæði þess með 60% kostnaðarþátttöku sinni í hækkan grunnfjárhæða almennra húsaleigubóta og greiðslu sérstakra húsaleigubóta.

Að tillögu samráðshóps um húsnæðisstefnu er skilaði skýrslu til velferðarráðherra 18. apríl 2011 hefur ráðherrann skipað vinnuhóp sem er ætlað að vinna að undirbúningi þess að taka upp húsnæðisbætur í stað vaxtabóta og húsaleigubóta. Markmiðið með húsnæðisbótum verður að jafna húsnæðisstuðning hins opinbera milli ólíkra búsetuforma og stuðla að því að heimilin eigi val á milli leigu-, búseturéttar- og eignaríbúða.

Þann 1. janúar 2012 tók gildi reglugerð velferðarráðuneytisins um breytingu á reglugerð um húsaleigubætur, nr. 118/2003. Breytingin á reglugerðinni er fólgin í því að skerðingarmörk húsaleigubóta vegna fjölskyldutekna hækka um 12,5% árið 2012. Húsaleigubætur skerðast nú óháð fjölskyldustærð í hverjum mánuði um 1% af árstekjum umfram 2,25 m.kr. en skerðingin tók áður mið af árstekjum umfram 2,0 m.kr. Með þessari breytingu á reglugerðinni, nr. 118/2003, fjölgar þeim sem eiga rétt á húsaleigubótum og jafnframt stigið fyrsta skref í átt að því að jafna húsnæðisstuðning við fólk óháð búsetuformi. Ef litið er til þróunar á fjölda bótaþega milli áranna 2011 og 2012, sem kemur fram í töflunni hér á eftir, þá er sýnilegt að tilgangurinn með reglugerðarbreytingunni kemur til með að nást.

Áætlað er að útgjöld ríkis og sveitarfélaga aukist um 100 m.kr. vegna breytingarinnar. 60% viðbótarútgjaldanna eru fjármögnuð með auknu framlagi frá ríki í Jöfnunarsjóð en 40% koma í hlut sveitarfélaganna eins og áður við gildistöku samkomulagsins um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008.

Almennar húsaleigubætur: Þróun fjölda bótaþega og raungreiðslna sveitarfélaga						Áætlun árið 2012
	Árið 2007	Árið 2008	Árið 2009	Árið 2010	Árið 2011	
Fjöldi bótaþega						
Almennar íbúðir	4.046	4.141	6.356	7.422	7.315	8.166
Félagslegar íbúðir	3.390	3.538	3.669	3.784	4.177	4.445
Námsgarðar/heimavist	1.620	1.912	2.081	1.993	2.076	2.524
Sambýli	515	515	518	513	487	517
Samtals bótaþegar	9.571	10.106	12.624	13.712	14.055	15.652
Raungreiðslur í m.kr.						
Almennar íbúðir	668,6	977,5	1.634,3	1.940,7	1.946,5	2.002,0
Félagslegar íbúðir	573,0	833,8	969,6	982,5	1.064,6	1.063,6
Námsgarðar/heimavist	223,8	375,9	454,4	433,4	452,7	496,8
Sambýli	47,0	56,7	63,4	67,5	66,8	97,0
Samtals greiðslur í m.kr. á verðlagi hvers árs	1.512,4	2.243,9	3.121,7	3.424,1	3.530,6	3.659,4

	Sérstakar húsaleigubætur: Þróun fjölda bótaþega og raungreiðslna sveitarfélaga			
	Árið 2009	Árið 2010	Árið 2011	Áætlun árið 2012
Fjöldi bótaþega				
Almennar íbúðir	1.152	1.472	1.677	2.138
Félagslegar íbúðir	88	1.977	2.045	2.151
Námsgarðar/heimavist	16	23	31	61
Sambýli	1	1	3	0
Samtals bótaþegar	1.257	3.473	3.756	4.350
Raungreiðslur í m.kr.				
Almennar íbúðir	329	400	465	500
Félagslegar íbúðir	21	568	592	591
Námsgarðar/heimavist	3	3	4	4
Sambýli	0	0	0	0
Samtals greiðslur í m.kr. á verðlagi hvers árs	354	971	1.061	1.095

Aukaframlag

Á fjárlögum ársins 2011 fékk Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sérstakt aukaframlag að fjárhæð 700 m.kr. til að koma til móts við þau sveitarfélög sem áttu í miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Á fjáraukalögum ársins 2011 var aukaframlagið hækkað um 100 m.kr. og nam því sérstakt aukaframlag úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð á árinu 2011 samtals 800 m.kr. Að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga gaf innanríkisráðherra út reglur, nr. 1118/2011, um ráðstöfun aukaframlagsins.


Á grundvelli reglnanna var 200 m.kr. varið til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum Sveitarfélagsins Álftaness. Fram lagið var veitt sem einn þáttur í fjárhagslegri endurskipulagningu sveitarfélagsins samkvæmt tillögum fjárhaldsstjórnar. Varið var 400 m.kr. til þeirra sveitarfélaga þar sem útreiknað skuldahlutfall var hærra en 150%. Við útreikning framlagsins var byggt á upplýsingum úr ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2010. Til skerðingar kom vegna skuldahlutfalls á bilinu 150% - 250% og þar sem hlutfall veltufjár frá rekstri af heildartekjum var umfram 3%. Ef skuldahlutfall sveitarfélags var 250% eða hærra var ekki um skerðingu framlags að ræða. Varið var 200 m.kr. til sveitarfélaga þar sem íbúaþróun hafði verið lakari en hjá Reykjavíkurborg á árunum 2006-2010. Til skerðingar kom með hliðsjón af nettóskuldum sveitarfélags og að teknu tilliti til hlutfallslega hárra meðaltekna á íbúa miðað við sambærileg sveitarfélög.

Einungis kom til úthlutunar framlags ef heimild sveitarfélags til útsvarsálagningar fyrir tekjuárið 2011 hafði verið fullnýtt af sveitarstjórn. Alls fengu 45 sveitarfélög úthlutað aukaframlagi á árinu 2011 eða jafnmörg og árið 2010.

Á fjárlögum ársins 2012 fær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga aukaframlag að fjárhæð 350 m.kr. til að koma til móts við þau sveitarfélög sem verst eru sett fjárhagslega sökum áhrifa bankahrunsins á skuldastöðu þeirra. Stefnt er að setningu reglna um úthlutun aukaframlagsins á árinu 2012 fyrir lok október.

Yfirlit yfir aukaframlög Jöfnunarsjóðs

í m.kr. á verðlagi hvers árs



Yfirlæssla á málefnum fatlaðra

Samfara yfirlæsslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 gengu í gildi breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum.

Þá tóku jafnframt gildi tvær reglugerðir sem settar voru af innanríkisráðherra er kváðu nánar á um hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tengslum við yfirlæsluna á árinu 2011. Annars vegar var um að ræða reglugerð, nr. 1066/2010, um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2011 og hins vegar reglugerð, nr. 1067/2010, um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma flutnings þjónustu við fatlaða frá 6. júlí 2010 var áætlað að 10.700 m. kr. rynnu samtals til málflokknsins á árinu 2011 með hækkun útsvars um 1,2 prósentustig og með beinum framlögum frá ríki. Væri gengið út frá útsvarsstofninum 846 ma.kr., sbr. fjárlög ársins 2011, væri fjárhagsramminn 10.775 m.kr. Af útsvarshækkuninni renna 0,25 prósentustig beint til sveitarfélaga/þjónustusvæða en 0,95 prósentustig renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem annast jöfnunaraðgerðir í tengslum við yfirlæsluna og úthlutun beinna framlaga frá ríki sem ná til breytingakostnaðar vegna yfirlæslunnar, biðlista, NPA - verkefnisins og veikrar stöðu útsvarsstofnsins.

Í samkomulaginu um yfirfærsluna var gengið út frá því að fjárfamlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2011 tækju mið af framreknuðum rekstrarkostnaði ársins 2010. Á þeim forsendum var útfærð tillaga ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til innanríkisráðherra um úthlutun almennra framlaga sjóðsins vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2011.

Af hálfu Jöfnunarsjóðsins hefur verið lögð rík áhersla á upplýsingamiðlun varðandi jöfnunaraðgerðir sjóðsins í tengslum við yfirfærsluna, úthlutani og greiðslur framlaga. Fjölmargir fundir hafa verið haldnir með stjórnendum á einstökum þjónustusvæðum auk almennra kynningarfunda.

Uppgjör vegna janúar 2011

Þar sem yfirfærslan tók gildi 1. janúar 2011 fóru tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af 0,95% hlutdeild sjóðsins í útsvarsstofni vegna janúar ekki að skila sér fyrr en í febrúar. Þetta gilti einnig um 0,25% sem renna beint til sveitarfélaga/þjónustusvæða. Eftir ítarlega umfjöllun og samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga var lagt til af hálfu innanríkisráðuneytisins að Jöfnunarsjóður mundi tímabundið brúa það bil sem myndaðist vegna greiðslu framlaga til sveitarfélaga/þjónustusvæða í janúar. Til að draga úr útgjöldum sjóðsins var fallist á af hálfu ríkisins að beinu framlögin frá ríki á fjárlögum ársins 2011, samtals að fjárhæð 623 m.kr. kæmu til greiðslu fyrirfram í tveimur greiðslum, þann 2. janúar og 1. júlí, 311,5 m.kr. í hvort sinn. Fyrirframgreiðsla Jöfnunarsjóðs vegna janúar nam samtals 668,3 m.kr.

Strax var hafist handa við að finna lausn á vandanum á vettvangi samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga. Skipaður var sérstakur undirhópur samráðsnefndarinnar þar að lútandi. Þegar líða tók á árið og sýnt var að þróun staðgreiðslunnar og 0,95% hlutdeild Jöfnunarsjóðs í henni mundi ekki brúa bilið að teknu tilliti til áætlunar um fjárhagsramma yfirfærslunnar á árinu 2011, samþykkti hópurinn að leggja til að um þríþætta lausn vandas yrði að ræða með aðkomu sveitarfélaga og þjónustusvæða, Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á grundvelli heimildar í reglugerð um sjóðinn og ríkissjóðs.

Mjög mikilvægt er að niðurstaða fáist hvað þetta varðar sem allra fyrst.

SIS - matið

Ein af forsendum samkomulags sveitarfélaganna við ríkið um yfirfærslu á málefnum fatlaðra var að unnið yrði samræmt heildarmat á þjónustubörf í málafloknum. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur haldið utan um það umfangsmikla verkefni og lágu niðurstöður matsins að stærstum hluta fyrir á árinu 2011. Í kjölfarið var matið sent til einstakra þjónustusvæða til frekari úrvinnslu og vinna hafin við kostnaðarmat út frá niðurstöðum matsins til að tryggja réttláta dreifingu og jöfnun fjármagns til sveitarfélaga/þjónustusvæða miðað við þjónustubörf. Á árinu 2012 hefur SIS - matið 26,67% vægi í útreikningi almennra framlaga Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 510/2012.

Á árunum 2012 og 2013 framkvæmir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins mat á stuðningsþörf fatlaðs fólks sem kemur nýtt inn í þjónustu svæðanna á árunum 2011, 2012 og 2013 og hefur ekki áður verið metið á grundvelli SIS - matsins.

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Samhlíða flutningi á málefnum fatlaðra varð breyting á umsýslu þeirra fasteigna ríkisjóðs sem notaðar hafa verið til búsetu og þjónustu við fatlaða. Framkvæmdasjóður fatlaðra var formlega lagður niður en í stað hans var stofnaður Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem tók yfir réttindi og skyldur Framkvæmdasjóðsins.

Starfsemi Fasteignasjóðsins skal miða að því að tryggja sem jafnasta aðstöðu sveitarfélaga vegna fasteigna sem nýttar eru til búsetu og þjónustu við fatlaða hvort sem um er að ræða kaup þeirra eða leigu.

Innanríkisráðherra skipaði vorið 2011 þriggja manna ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðsins til fjögurra ára. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um stefnumótandi ákvarðanir í rekstri Fasteignasjóðsins og gera tillögur til ráðherra um sölu eigna og ráðstöfun söluandvirðis þeirra. Formaður ráðgjafarnefndar Fasteignasjóðsins er Lúðvík Geirsson, alþingismaður og bæjarfulltrúi. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefndinni eru þau Áslaug María Friðriksdóttir, varaborgarfulltrúi í Reykjavík og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði Sambandsins.

Fasteignasjóðnum eru tryggðar tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er nema þeirri fjárhæð er rann áður til Framkvæmdasjóðs fatlaðra á fjárlögum. Jafnframt renna í Fasteignasjóðinn tekjur af sölu og leigu þeirra fasteigna sem sjóðurinn hefur umráðarétt yfir.

Á grundvelli laga nr. 165/2010 um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, sbr. d-lið 2. gr. reglugerðar um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, nr. 578/2012, renna söluandvirði fasteigna og aðrar tilfallandi tekjur Fasteignasjóðsins umfram gjöld til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skulu fjármunir nýttir til jöfnunar vegna búsetubjónustu við fatlað fólk.

Efling tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda

Þann 13. maí 2011 var undirritað tímabundið samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins. Samkomulagið gildir frá 1. júlí 2011 til 31. ágúst 2013.

Helstu markmið með samkomulaginu eru að efla tónlistarnám með aðkomu ríkissjóðs að kennslukostnaði í viðurkenndum tónlistarskólum og gera nemendum kleift að stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á miðstigi og framhaldsstigi óháð búsetu.

Eftir því sem fjárveitingar leyfa er jafnframt heimilt að koma að kostnaði sveitarfélaga vegna nemenda sem stunda nám á grunnstigi í söng og hljóðfæraleyk og á miðstigi í hljóðfæragreinum utan síns sveitarfélags vegna framhaldsskólanáms að uppfylltum sérstökum skilyrðum.

Á grundvelli samkomulagsins greiðir ríkissjóður á ársgrundvelli 480 m.kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem annast úthlutanir og greiðslur framlaga til sveitarfélaga. Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011 um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skuldabinda sveitarfélöginn sig á móti til að taka tímabundið yfir ný verkefni frá ríki sem nema á samningstímanum samtals 498 m.kr. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hefur verið falið að standa skil á greiðslum sveitarfélaga vegna nýrra verkefna þeirra með því að draga kostnað hvers sveitarfélags frá framlögum úr sjóðnum.

Innanríkisráðherra setti reglur um úthlutanir og greiðslur framlaga úr Jöfnunarsjóði vegna samkomulagsins og eru þær dagsettar 31. ágúst 2011.

Fjöldi þeirra nemenda sem lagður var til grundvallar við gerð samkomulagsins var 711 en nemendur urðu 818 eða 107 fleiri en ráð var fyrir gert. Þar sem Jöfnunarsjóði er afmarkað ákveðið ráðstöfunarfjármagn á grundvelli samkomulagsins varð sjóðurinn að grípa til þess ráðs að gefa út viðmiðunararfjárhæðir eftir tegund náms og námsstigum sem voru allt að 13% lægri en sá kennslukostnaður sem gengið var út frá við gerð samkomulagsins.

Í kjölfar þessarar lækkunar viðmiðunararfjárhæða og áhrifa nýrra kjarasamninga tónlistarskólakennara með lengingu skólaársins fór fljóttlega að bera á miklum rekstrarvanda hjá stóru tónlistarskólunum í Reykjavík þar sem kennslumagnið er hlutfallslega mest og margir nemendur utan af landi stunda nám.

Miklar umræður hafa staðið yfir síðustu mánuði milli ríkis og sveitarfélaga um þróun samkomulagsins og mögulegt viðbótarfjármagn til að rétta hlut viðkomandi skóla. Niðurstaða þeirra umræðna liggur nú fyrir og verður árlegt framlag úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á gildistíma samkomulagsins hækkað úr 480 m.kr. í 520 m.kr. .

Sérstaklega er áréttar að samkomulagið um eflingu tónlistarnámsins felur ekki í sér tilfærslu verkefna frá sveitarfélögum með þeim hætti að ríkið beri nú ábyrgð á tónlistarfræðslunni heldur er um að ræða fjárstuðning ríkisins við lögákveðið verkefni sem sveitarfélögin annast skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985. Áfram verður tónlistarfræðsla verkefni sveitarfélaga skv. fyrirliggjandi drögum að frumvarpi til laga um tónlistarskóla.

Nú liggur fyrir að um breytta og markvissari aðferðarfræði verði að ræða við útdeilingu fjármuna til sveitarfélaga vegna eflingar tónlistarnáms skólaárið 2012 – 2013. Í stað framlags á grundvelli fjölda nemenda mun framlag til sveitarfélaga byggja á útreiknuðum og samanlögðum kennslueiningafjölda tónlistarskóla í sveitarfélagini. Hafin er endurskoðun reglnanna frá 31. ágúst 2011 þar að lútandi.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2010 - 2014

Aðalmenn

Guðmundur Bjarnason, fyrrv. bæjarstjóri, formaður
Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarmaður í Sveitarfélagini Skagafirði
Björk Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ
Hermann Jón Tómasson, bæjarfulltrúi í Akureyrarkaupstað
Þórunn Egilsdóttir, sveitarstjórnarmaður í Vopnafjarðarhreppi

Varamenn

Jórunn Einarsdóttir, bæjarfulltrúi í Vestmannaeyjabæ, varaformaður
Halla Sigríður Steinólfssdóttir, sveitarstjórnarmaður í Dalabyggð
Bryndís Haraldsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ
Árni Rúnar Þorvaldsson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélagini Hornafirði
Albertína Elíasdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ

Ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs 2010 - 2014

Aðalmenn

Lúðvík Geirsson, alþingismaður og bæjarfulltrúi, formaður
Áslaug María Friðriksdóttir, varaborgarfulltrúi í Reykjavík
Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði Sambandsins

Varamenn

Hörður Hilmarsson, skrifstofustj. fjármála og reksturs á velferðarsviði Reykjavíkurborgar
Gyða Hjartardóttir, félagsmálaufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði Sambandsins

Starfsmenn 2011

Elín Pálsdóttir forstöðumaður
Elín Gunnarsdóttir sérfræðingur
Guðni Geir Einarsson sérfræðingur
Halldór V. Kristjánsson stjórnsýslufræðingur
Lúðvík Geirsson, ráðgjafi um málefni fatlaðra

Vefur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á vefsíðu Jöfnunarsjóðs: jofnunarsjodur.is er að finna allar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, lagagrundvöll, tekjur, úthlutanir framlaga og fleira.

Fréttatilkynningar birtast á vefnum þegar ráðherra hefur samþykkt tillögur ráðgjafarnefndar um úthlutanir einstakra framlaga sjóðsins.

Ný framsetning á talnaefni Jöfnunarsjóðs

Í samstarfi við Hagstofu Íslands er nú hægt að skoða nýja framsetningu á talnaefni Jöfnunarsjóðs. Um er að ræða upplýsingar um framlög til sveitarfélaga frá 2006 - 2011 og upplýsingar um bundin framlög til samtaka og stofnana sveitarfélaga og fleiri. Upplýsingarnar verða uppfærðar árlega og eru hýstar á vef Hagstofunnar.

Reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga tók gildi 1. janúar 2011 og er hún nr. 960/2010. Reglugerðin, sem nær til allra lögákveðinna verkefna sjóðsins, er sett á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Þá féll jafnframt úr gildi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003, með síðari breytingum.

Í nýrri reglugerð koma fram þær breytingar sem gerðar höfðu verið á reglugerð nr. 113/2003 frá gildistöku hennar og eru enn í gildi. Í reglugerðinni koma einnig fram breytingar á tekujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum sjóðsins sem gerðar hafa verið í tengslum við samþykktar tillögur starfshóps um heildarendurskoðun á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um sjóðinn og falla undir valkost 1. Þá nær reglugerðin einnig til þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um tekjustofna sveitarfélaga vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra 1. janúar 2011.


Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á grundvelli 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, eru Jöfnunarsjóði tryggðar tekjur með eftirfarandi hætti, sbr. 4. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010:

- a. Framlag úr ríkissjóði er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
- b. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarástofni útsvars næstliðins tekjuárs.
- c. Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarástofni útsvars ár hvert:
 1. er nemur 0,77% til jöfnunar vegna reksturs grunnskóla.
 2. er nemur 0,95% til jöfnunar vegna málefna fatlaðra.
- d. Vaxtatekjur.

